

Sveitarfélagið Árborg

Árangursríkt læsi í leikskólum Árborgar

„Að glæða gamla vinnu nýju og markvissara lífi“



Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir
28. apríl 2015

MARKMIÐ VERKEFNIS	2
VERKEFNISSTJÓRN	3
ÞÁTTTAKENDUR Í VERKEFNI.....	3
STAÐAN Í UPPHAFI	3
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	4
RÁÐSTEFNA FYRIR ALLT STARFSFÓLK LEIKSKÓLA Í ÁRBORG	5
MARKVISS MÁLÖRVUN	6
ORÐASPJALL	7
LÆSI Í DAGLEGU STARFI.....	8
LEIKUR MEÐ STAFI OG HLJÓÐ.....	10
HLUTVERK FORELDRA	11
TVÍTYNGD BÖRN	11
HELSTU HINDRANIR AÐ MATI ÞÁTTTAKENDA	12
HELSTI ÁVINNINGUR AÐ MATI ÞÁTTTAKENDA	13
EFTIRFYLGD MEÐ VERKEFNI	14
NIÐURSTÖÐUR VERKEFNISINS AÐ MATI ÞÁTTTAKENDA	15
LÆSISSTEFNUR LEIKSKÓLA ÁRBORGAR	16
ÁÆTLUN UM KYNNINGU	16
HEIMILDASKRÁ	16

Markmið verkefnis

Markmið þessa verkefnis var að auka hæfni, þekkingu og leikni barna í læsi í fimm leikskólum. Þróaðar voru markvissar sögu- og samræðustundir sem fara skyldu fram daglega, með áherslu á aukinn hlustunar- og málskilningi barna, aukinn orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu.

Unnið var með efnið *Markviss málörvun*,¹ *Lubbi finnur málbein*,² *Orðaspjall*,³ *Samræðulestur*⁴ og verkefni sem tengjast daglegu lífi barnanna.⁵

Þá var markmið verkefnisins einnig að fræða foreldra leikskólabarna og styðja í hlutverki sínu við málörvun barna.⁶ Verkefnið snýr að árangursríku læsi með það fyrir augum að auka hæfni, þekkingu og leikni barna í læsi í víðum skilningi.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla⁷ á að skapa slíkar aðstæður í leikskólum að börn fái ríkuleg tækifæri til að kynnast tungumálinu og möguleikum þess. Rannsóknir hafa sýnt fylgni milli málvitundar og hljóðkerfisvitundar, orðaforða barna í leikskóla og einkunna í grunnskóla og því er mikilvægt að grípa snemma inn í.⁸ Einnig hafa rannsóknir sýnt mikinn einstaklingsmun á frásagnarhæfni barna sem er mikilvægur hluti málþroska.⁹ Mikilvægt er að þjálf hlustunar- og málskilning barna með hlustunar-, rím- og orðaleikjum ásamt hljóðgreiningu.¹⁰ Einnig hefur verið sýnt fram á að bókalestur hefur jákvæð áhrif á málþroska, bernskulæsi og lestrarfærni.¹¹ Þar er tungumálið í aðalhlutverki og eru samræður því mikilvægur liður í sögustundum.¹² Börn þurfa að vera þátttakendur í hópi þar sem bæði er talað og hlustað.¹³ Því er mikilvægt að þjálf kennara í sögulestri og samræðum og að gera aðgengi barna að bókum gott.

¹ Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 2000

² Eyrún Ísfold Lárusdóttir og Þóra Másdóttir, 2009

³ Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2013

⁴ Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010

⁵ Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013; Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012

⁶ Beck, Kucan og McKeown, 2002, 2008; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009

⁷ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011

⁸ Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2008, 2013; Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014

⁹ Beck, Kucan og McKeown, 2002, 2008; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009

¹⁰ Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 2000

¹¹ Beck, Kucan og McKeown, 2002, 2008; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009

¹² Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2008, 2013

¹³ Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010

Málörvun og daglegar sögu- og samverustundir í leikskólum hafa verið fastur liður í leikskólastarfi á Íslandi.¹⁴ Áætlanagerð, undirbúningur og framkvæmd mætti þó vera markvissara. Markmið verkefnisins var að þróa málörvun og markvissari samverustundir og þurfti starfsfólk fræðslu og stuðning þar að lútandi sem fellur ekki undir daglegt starf leikskóla.

Hlutverk foreldra ungra barna í málörvun þeirra felst í góðri fyrirmynd, samræðum og lestri. Börn sem hafa greiðan aðgang að fullorðnum einstaklingum sem ræða við þau, lesa og kenna þeim ný orð og hugtök eiga öllu jöfnu auðveldara með að ná tökum á lestri. Orðaforða læra börn ekki síst hjá foreldrum sínum. Samræður og lestrarstundir með fjölskyldunni leggja því grunn að bernskulæsi.¹⁵

Verkefnisstjórn

Mynduð var verkefnisstjórn til að undirbúa, framkvæma og meta verkefnið. Í henni sátu:

Anna Magnea Hreinsdóttir, verkefnisstjóri

Kristín Eiríksdóttir, leikskólastjóri

Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri

Ásthildur Bjarnadóttir, sérkennslufulltrúi leikskóla

Þórdís H. Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi

Verkefnisstjórnin sá um daglega stjórnun og eftirfylgni verkefnis. Einnig var hlutverk verkefnisstjórnar að standa að fræðslu fyrir starfsfólk leikskólanna og fylgja henni eftir með gerð læsisstefnu fyrir hvern og einn leikskóla.

Þátttakendur í verkefni

Þátttakendur í verkefninu voru allt starfsfólk leikskóla í Árborg. Stjórnendur leikskóla Árborgar, leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjórar og deildarstjórar sátu fræðslufundina og tengdu annað starfsfólk við verkefnið. Tengiliður við verkefnið var leikskólastjóri og einn deildarstjóri innan hvers leikskóla.

Staðan í upphafi

Stjórnendur leikskólanna gerðu grein fyrir þeirri vinnu við læsi og málörvun sem fram hafði farið í leikskólunum í upphafi verkefnisins. Stjórnendurnir töldu vinnu með læsi hafa almennt farið vel fram í leikskólunum áður en verkefnið hófst. Lögð var áhersla á lestur og málörvun í daglegu starfi. Þá voru haldnar samverustundir reglulega í leikskólunum. Unnið var með

¹⁴ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011

¹⁵ Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2008, 2013; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009

orðaforðakennslu og með stafi og hljóð. Einnig var markviss málörvun skipulögð sérstaklega og henni úthlutað ákveðinni stund í dagskipulagi skólanna. Stjórnendurnir töldu þó að starfið hefði mátt vera markvissara að mörgu leyti. Eftir á að hyggja töldu nokkrir þátttakendur að stuðst hefði verið við hálfgerða „happa og glappa“ aðferð og unnið „mis-markvisst“ eftir deildum og innan deilda í leikskólunum. Starfið valt að miklu leyti á deildarstjóranum og hvernig nýliðum var kennt að starfa. Starfsfólk leikskólanna hefði getað verið upplýstara um hvað það ætti að gera og af hverju og átti það bæði við um faglærða og ófaglærða. Hugsunin „af hverju gerum við þetta“ var starfsfólkinu ekki eðlislæg að mati stjórnendanna. Stjórnendurnir töldu sig ekki nægilega meðvitaða um starf sitt. Þá skorti upp á að vinna með læsi væri nægilega markviss og meðvituð. Barnahóparnir í samverustundum voru einnig of fjölmennir að þeirra mati. Það sem hefði mátt gera betur var að undirbúa samverustundirnar vel, skrá það sem gert var og gera kennsluna sýnilega fyrir foreldra.

Leiðir að markmiðum

Til að vinna að markmiðum verkefnisins og gera vinnu með læsi markvissari í leikskólunum var gerð verkáætlun í upphafi með þeim þáttum sem vinna átti að (sjá töflu 1). Þættirnir byggja á því sem talið er að sé undirstaða læsinnáms barna.¹⁶

Læsisnám þarf að byggja á öllum þáttunum og þurfa kennarar að hafa þá alla í huga þegar læsisnám leikskólabarna er skipulagt og undirbúið. Eins og fram hefur komið var unnið að flestum þessara þátta áður en verkefnið hófst og því fólst verkefnið í því að upplýsa þátttakendur betur um hvað liggja að baki læsi hjá ungum börnum, sem og að brýna fyrir starfsfólki leikskólanna að vinna með markvissum hætti og undirbúa allar samverustundir vel. Þá var lögð sérstök áhersla á málörvun í daglegu starfi og leik og að ekki skuli vanmeta það nám sem fram fer í leik barna.

Verkáætlunin fól í sér mánaðarlega fundi með stjórnendum leikskólanna utan hefðbundins vinnutíma eða milli kl. 17.00 – 19.00. Lögð var áhersla á að stjórnendurnir ígrunduðu eigið starf og því má segja að starendarannsóknar vinkill hafi verið á verkefninu¹⁷

Á fundunum fór fram fræðsla og umræður um:

- markvissa málörvun
- orðaforðakennslu

¹⁶ Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013; Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarisdóttir, 2010; Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2008, 2013; Ásthildur Bj. Snorraddóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009; Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarisdóttir, 2012; Mellgren, Jensen og Hansen, 2010; Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorraddóttir, 2010

¹⁷ Edda Kjartansdóttir, 2010; McNiff, 2002

- læsi í leik og daglegu starfi
- leik með stafi og hljóð
- hlutverk foreldra
- tvítyngd börn og þarfir þeirra

Áhersla var lögð á árangursríka málörvun og góðan og markvissan undirbúning fyrir læsiskennslu. Fræðslan og umræðan snérist um að stjórnendur og annað starfsfólk væri meðvitað um hvaða þætti þyrfti að vinna með, að vinna markvisst með slíka þætti og skilgreina hvar og hvenær það væri gert, sem og að ákveða hver væri ábyrgur fyrir því að vinnan færi fram.

Byggt var á eftirfarandi þáttum:

Tafla 1

Þáttur	Aðgerð	Hvar/hvenær	Hver
Hljóðkerfisvitund	Markviss málörvun	Samverustund mán/mið	Deildarstjóri
Orðaforði	Orðaspjall	Samverustund þriðjud/fimmtud	Leikskólakennarar
Mál- og hlustunarskilningur	Sögur og samræður	Samvera á hverjum degi	Allir
Tjáning	Samræður	Daglegar athafnir	Allir
Leikur með stafi og hljóð	Ritmálið sýnilegt/gott aðgengi að ritfærum Lubbaverkefnið	Í frjálsum leik	Allir
Hlutverk foreldra	Upplýsingar	Aðlögun Foreldraviðtöl	Deildarstjórar
Tvítyngd börn	Orðabók undirbúningur tengiliður	Daglegar athafnir	Tengiliður/allir

Framkvæmd verkefnisins hefur fylgt verkáætluninni og hefur hún staðist að öllu leyti.

Ráðstefna fyrir allt starfsfólk leikskóla í Árborg

Verkefnið hófst formlega í ágúst 2014 með ráðstefnu á starfsdegi fyrir allt starfsfólk leikskóla í Árborg. Ráðstefnan var haldin á Stað, Eyrarbakka, og hófst með ávarpi Þorsteins Hjartarsonar fræðslustjóra og morgunverði. Edda Björgvinsdóttir leikkona fjallaði síðan um

húmor og mikilvægi starfsgleði. Því næst kynnti Anna Magnea Hreinsdóttir verkefnisstjóri verkefnið og að útgangspunktur þess væri að starfsþróun kennara væri í þeirra eigin höndum og að talið sé að þróunarverkefni eins og hér um ræðir séu til þess fallin að efla vald kennara og annars starfsfólks, enda sé það sjálft við stjórnvölinn og virkt í öllu vinnuferlinu. Hópurinn skoðar og endurskipuleggur starf sitt, þannig skapi hann sameiginlega sýn og finnur upp nýjar aðferðir. Starfsfólk leikskólanna muni fyrir vikið læra að ígrunda og velta fyrir sér starfi sínu og ræða um læsi í daglegu starfi og hvernig best sé að stuðla að því í hverjum og einum leikskóla.

Ásthildur Bj. Snorradóttir hélt síðan fyrirlestur um að leggja grunninn að læsi með málörvun og undirstrikaði mikilvægi þess að öll börn fái nám við hæfi. Hún lagði áherslu á að málörvun hæfist snemma í leikskóla og benti á hagnýt ráð í bók um snemmtæka íhlutun í málörvun.¹⁸ Kristín Eiríksdóttir leikskólustjóri stjórnaði dagskránni, en hugmyndin að verkefninu var hennar.



Markviss málörvun

Í september kynntu leikskólakennarar frá Bæjarbóli í Garðabæ markvissar málörvunarstundir með völdum hlustunar-, rím- og orðaleikjum ásamt hljóðgreiningu. Stundirnar voru unnar upp úr fyrstu köflum bókarinnar *Markviss málörvun* eftir Helgu Friðfinnsdóttir, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttir. Leikskólakennararnir gáfu góð ráð um uppbyggingu skipulagðra málörvunarstunda með leikjum, þulum og rími. Fékk hver leikskóli áætlun um hvernig staðið skuli að markvissri málörvun fyrir fjögurra og fimm ára börn og góða æfingu í að framkvæma slíka stund. Leikskólakennararnir gerðu að umtalsefni að börnunum þættu stundirnar skemmtilegar og að þær skiluðu góðri þjálfun í hljóðkerfisvitund barnanna.

¹⁸ Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014




Orðaspjall

Í október kom Árdís Hrönn Jónsdóttir leikskólakennari á Tjarnarseli í Reykjanesbæ og hélt fyrirlestur um „Orðaspjallsaðferðina“ sem er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin var þróuð í leikskólanum Tjarnarseli í samvinnu við Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hver leikskóli fékk bókina Orðaspjall sem er mjög myndræn og eru gefin dæmi úr starfinu í Tjarnarseli í bókinni

Aðferðin felur í sér eftirfarandi:

- ✓ Kennarinn velur bók til að lesa
- ✓ Velur eitt til tvö orð/hugtök úr bókinni til að kenna
- ✓ Orðin/hugtökin eru kennd eftir að búið er að lesa söguna

Lögð er rík áhersla á samræður við bóklesturinn til að efla hlustunarskilning. Til að byggja upp orðaforða barns með skilningi á merkingu orða þarf að nota ríkulegar leiðbeiningar um merkingu orðsins, en þær fela í sér að börn velja orðinu fyrir, sér prófa að nota það í ólíku samhengi og leika sér með það.



Læsi í daglegu starfi

Í nóvember fjölluðu Ásthildur Bj. Snorradóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir um læsi í daglegu starfi (sjá töflu 2). Þær tóku dæmi um samskipti, athafnir og aðstæður í leikskólum sem skapa grundvöll fyrir læsi og mikilvægi þess að nýta hvert tækifæri til málörvunar. Það á ekki síður við um börn sem eiga annað móðurmál en íslensku. Jákvæð samskipti, gott viðmót fullorðinna og örvandi námsumhverfi skiptir einnig miklu máli. Ásthildur veitti stjórnendum upplýsingar um ýmiskonar málörvunarefni, bækur og spil sem nýst getur í daglegu starfi og leik í leikskólunum.¹⁹

Tafla 2

Viðmið fyrir samhengi		
- Dæmi um samskipti, athafnir og aðstæður í leikskólum sem skapa grundvöll fyrir læsi		
Samskipti	Viðmót fullorðinna	Einkenni samskipta
- Samskipti milli yngri og eldri barna - Samskipti milli barns og fullorðins (maður á mann)	- Jákvæður í garð barnsins - Nær merkingu barnsins – skilur skilaboðin - Býður upp á samtal – hlustar og svarar - Viðurkenning	- Fangar athygli barnsins - Viðheldur athygli barnsins - Eykur reynslu barnsins
Athafnir		Aðstæður
- Hlutverkaleikur - Rammaleikur - Að lesa upphátt - Að skiptast á að lesa upphátt - Teikning		- Efniviður fyrir lestur og skrift - Lestrarsvæði - Skriftar- og teiknisvæði - Hljóð- og hlustunarsvæði - Tölvusvæði

(Mellgren, Jensen, og Hansen, 2010)

¹⁹ Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2009; Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson, 2014; Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir, 2010; Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010

Einnig fjallaði Anna Magnea um hvernig hægt er að örva læsi í daglegu starfi og leik (sjá töflu 3), t.d. með því að:

- gefa börnum tækifæri til að lesa og skrifa á öllum leiksvæðum
- standa að skipulögðum leikjum sem tengjast ritmáli
- koma á búðaleik
- koma upp brúðuleikhúsi, semja leikrit og syngja
- gefa möguleika á ritmálsörvun á kubbasvæði með blöðum og blýöntum
- hafa efnivið aðgengilegan til leikja með bókstafi

Rætt var um að nám og leikur eiga sameiginlega þætti á borð við gleði, sköpunarkraft og merkingarsköpun, og að börnin setji sér eigin markmið í námi. Læsisreynsla sem börn öðlast á óformlegan hátt í gegnum leik er oft vanmetin. Hefð er fyrir því innan leikskóla að vinna kennarastýrð verkefni og eiga að sama skapi aðferðir grunnskóla oft greiðan aðgang inn í leikskóla. Óöryggi kennara í að nýta leik sem markvissa námsleið er nokkuð og því þarf að styrkja leikskólakennara og annað starfsfólk í því að beita leik sem námsleið í vinnu með læsi. Þá er mikilvægt að skrá námið sem fer fram í leik og kynna fyrir foreldrum og samstarfsfólki.

Tafla 3

Viðmið fyrir læsi	
Að segja sögur – lestur	
• Sýnir áhuga á – og /eða leikur sér með orð og/eða orðatiltæki • Hefur áhuga á – og/eða leikur sér með hrynjandi í tali • Segir frá persónulegri skoðun, ljósmynd, texta og/eða reynslu • Sýnir áhuga á – og/eða skilur og notar ný hugtök • Sýnir áhuga á – og/eða syngur lög og rímar • Setur fram spurningar og/eða röksemdir • Gerir sér grein fyrir merkjum og táknum • Tengir kennimerki (lógó) við merkingu	• Vísar til hluta í umhverfinu • Setur orð á athafnir • Hlustar og tekur virkan þátt í sögustund • Umorðar og/eða veltir sögu fyrir sér • Fylgist með sögum sem önnur börn segja • Hefur áhuga á bókum • „Les” bækur • Er forvitið um orð og bókstafi • „Leik-les” (þykist lesa) • Þekkir rétta lesátt • Þekkir bókstafinn sinn og fjölskyldu meðlima og algeng orð (mamma, pabbi, afi, amma o.s.frv.)
Teikning – skrift – krot	
• Skrifar „leik-skrift” / „barna-skrift” • Krotar í skriftarstíl • Skrifar algeng orð • Notar tölvutæk kennslugögn sem snúa að tungumáli og táknum (tölvuleiki tengda læsi)	• Skrifar á teikningar • Skrifar bókstafi/orð/setningar • Skiptir orðum í atkvæði • Skrifar með- og á ólíkan efnivið • Teiknar sögur

Leikur	
• Tekur þátt í hlutverkaleik • Ýkir/leikur með sögu • Semur um hlutverk fyrir hlutverkaleik • Semur sögu/leik –með leikföngum og öðrum efnivið	• Leik-skrifar í leik • Leik-les í leik • Semur um og/eða þróar ramma leiksins • Býr til tákni og efnivið sem nota á í leiknum

(Mellgren, Jensen, og Hansen, 2010)

Leikur með stafi og hljóð

Í umfjöllun um leik með stafi og hljóð kom Eyrún Ísfold Gísladóttir talmeinafræðingur og fjallaði um bókina og verkefni *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur, Þóru Másdóttur og Þórarinn Eldjárn, myndskreytta af Freydísi Kristjánsdóttir. Bókinni fylgir hljóðdiskur með söng Kársnesskórs og mun hún nýtt með markvissum hætti í samverustundum með börnunum. *Lubbi finnur málbein* byggir m.a. á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur á hljóðþróun 2-3 ára barna og frávikum í framburði 4-5 ára barna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á kerfisbundinn stíganda í hljóðþróun barna sem samræmist aukinni færni í myndun máhljóða og almennum málþroska ungra barna í erlendum rannsóknum. Rannsóknin var liður í að þróa próftæki sem gera kleift að greina á milli barna með dæmigerðan framburðarþroska og máhljóðaröskun. Færni í að skynja tengsl bókstafa og máhljóða er ein helsta forsenda góðs gengis í lestrar- og stafsetningarnámi.

Lubbi finnur málbein byggir á rannsókn á tileinkun máhljóða og felst í táknrænum hreyfingum sem gera máhljóðin sýnileg, en það auðveldar barninu að para staf við hljóð og brúa þannig bilið á milli bókstafa og máhljóðs. Hvert máhljóð er undirstrikað með táknrænni hreyfingu um leið og það er tengt við stafinn. Mikil ánægja var hjá stjórnendum með Lubbaverkefnið og margir tilbúnir að nýta sér þau.



Hlutverk foreldra

Á fundi hópsins í janúar 2015 ræddi Ásthildur Bj. Snorradóttir um hlutverk foreldra í málörvun barna. Undirbúningur lestrarnáms hefst mjög snemma á æviskeiði barnsins. Barnið byrjar að undirbúa lestur um leið og það byrjar að hjala og mynda fyrstu hljóð og hljóðakeðjur sem þróast síðan í merkingarbær orð og setningar. Ásthildur undirstrikaði mikilvægi þess að málörvun barna fari fram í skemmtilegum leik með virðingu, von, væntumþykju og vellíðan barna að leiðarljósi. Lestur foreldra fyrir börn sín er ein besta leiðin til að:

- ✓ efla málskilning og máltjáningu
- ✓ auka orðaforða
- ✓ vekja áhuga á bókum og lestri
- ✓ styrkja hljóðkerfisvitund
- ✓ auka þekkingu á ritmálinu
- ✓ auka skilning barns á uppbyggingu sögu
- ✓ örva bernskulæsi og færni til lesturs
- ✓ auka einbeitingu og athygli
- ✓ auka vitsmunaproska og hugarfærni
- ✓ hafa áhrif á félagsþroska
- ✓ stuðla að heilbrigðum tilfinningarlegum viðhorfum

Rætt var um leiðir til að upplýsa foreldra um mikilvægi þeirra í læsinnámi barna og talað um að nýta foreldravíðtölin vel og einnig kynningarfundi leikskólanna. Einnig komu fram hugmyndir á borð við *bókaorminn*, þar sem foreldrar skrá þær bækur sem þeir lesa heima fyrir börnin og sú skráning er hengd upp í bókaorm í leikskólanum. Fleiri hugmyndir voru ræddar sem áhugavert verður að fylgjast með taka á sig mynd í leikskólunum.

Tvítýngd börn

Í mars 2015 hélt Fríða Bjarney Jónsdóttir leikskólaráðgjafi fyrirlestur um tvítýngd börn, en í Árborg er töluverður fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku. Tvítýngi er skilgreint sem máltaka tveggja eða fleiri tungumála samtímis. Ef barn lærir tvö eða fleiri mál samtímis fyrir u.þ.b. 11-12 ára aldur eru öll málín skilgreind sem móðurmál, en eingöngu ef bæði tungumálin eru notuð reglulega og nægilegt ílag (e. *input*) fæst úr málumhverfinu. Börn virðast hafa alla




burði til að læra tvö eða fleiri mál samtímis og verða tvítyngd. Þegar barn notar tvö tungumál eða fleiri daglega og „lifir“ þannig í báðum (öllum) tungumálunum er talað um „virkt tvítyngi“.

Móðurmálið hefur grundvallaráhrif á tilfinninga-, vitsmuna-, líkams- og félagsþroska enda býr það í öllum krókum og kimum vitundarinnar. Þegar við tölum og heyrum móðurmál okkar myndast djúpstæðar tengingar á milli heila, hjarta og tungu sem hafa stöðug áhrif á heildarþroska okkar, sýn og þekkingu á umheiminum.

Skoðanir, viðhorf, væntingar og sýn leikskólastjórnenda endurspeglast ávallt í samskiptum þeirra við aðra. Stjórnendur þurfa að leiða jákvæð viðhorf gagnvart fjölbreyttum tungumálum og menningu. Miklar væntingar eru gerðar til barna og góð trú á getu þeirra er grundvallaratriði í samskiptum kennara við þau. Öll börn þurfa að upplifa sig verðug þess að tilheyra hópnum og að þeirra reynsla og þekking, þar með talið móðurmálið, sé mikils virði.

Viðhorf okkar og færni í samskiptum mótar námsumhverfi barnanna og því mikilvægt að leikskólastjórnendur spyrji sig hvernig unnið sé með íslensku sem annað mál í leikskólanum. Til dæmis er hægt að bjóða foreldrum tvítyngdra barna að koma og lesa eða segja sögur á móðurmáli þeirra. Slík sögustund er tekin upp á myndband, ljósmynduð, skráð og notuð aftur. Einnig er hægt að nota myndrænar orðabækur (sjá mynd).



Fríða Bjarney gerði nýtt verklag með móðurmálskennslu að umtalsefni, sem snýst fyrst og fremst um breytta hugsun og viðhorf. Sú vinna hjálpar til við að móta grunn fyrir þróun máls og læsis barna, bæði á móðurmáli þeirra og íslensku. Vinnan tryggir að í ferlinu við að læra íslensku sem annað mál er barn að virkja hugsun og vitsmuni og byggja á eigin þekkingu. Ný vinnubrögð gefa öllum kennurum og starfsfólki verkfæri til að vinna með fjölbreytt tungumál, ekki bara þeim sem tala móðurmál barnanna. Það auðveldar aðlögun barna á nýjum stað í barnahópi þar sem málumhverfið er ókunnugt og veitir öllum börnum tækifæri til að virkja þekkingu sína og kunnáttu í eigin móðurmáli um leið og þau tileinka sér íslensku sem annað mál. Nánari umfjöllun má sjá á Krítinni: <http://kritin.is/2014/08/28/tungumalateiti-i-toronto/>

Helstu hindranir að mati þátttakenda

Helstu hindranir sem stjórnendur í verkefninu ráku sig á var að þeim fannst erfitt að koma öllu sem þeir lærðu að í skipulagi innan leikskólans og töldu að það ætti eftir að taka nokkurn tíma að hrinda nýju verklagi í framkvæmd. Þeir sögðu verkefnið vera langhlaup en ekki

spretthlaup. Einnig fannst þeim óöryggi hluta starfsfólks erfitt og að sumum starfsmönnum hafi fundist verkefnið ógnandi. Tímaskortur við að yfirfæra þá þekkingu sem stjórnendur höfðu öðlast til ófaglærðra var einnig talinn þröskuldur.

Stjórnendunum fannst sömuleiðis erfitt að koma öllum þáttum verkefnisins fyrir í leik barnanna. Þeim fannst þeir þurfa að velja það sem hentar í þeirra leikskóla af því sem þeir höfðu lært og gera sér betur grein fyrir því jákvæða starfi sem þegar fer fram innan leikskólanna. Töluðu þeir um að

starfsmannahóparnir þurfi að ákveða hvaða leið þeir vilja fara í læsinnámi og sættast á það að geta ekki tekið öll verkefnið inn í einu, „vera heiðarleg og vandfýsin, velja vel og rétt“ eins og einn stjórnandinn orðaði það. Á einum leikskóla ætluðu stjórnendur að hefja innleiðingu á því



sem þeir höfðu fengið fræðslu um en mætt andstöðu þegar til kom. „Við þurftum því að taka umræðu um hvernig við viljum vinna og komast að sameiginlegri niðurstöðu“ kom fram í máli eins deildarstjóranna. Hann sagði jafnframt að vinnan hefði gengið betur eftir slíka samræðu og bjó hópurnir til flotta formúlu sem hentar leikskólanum vel.

Stjórnendurnir sögðu margir að það hefði verið betra ef allt starfsfólk leikskólanna hefði getað setið fræðslufundina, en ekki einungis stjórnendur. Þeim fannst vanta meiri tíma til að fræða og undirbúa aðra kennara. Einnig tók mannekla og veikindi sinn toll og hafði áhrif á það skipulag sem búið var að koma á. Mörgum fannst erfitt að sjá heildarmyndina í upphafi verkefnisins – hvernig eigi að framkvæma málörvun og læsiskennslu og virkja allt starfsfólkið í þeim tilgangi. Einn stjórnandi hafði einnig orð á því að erlendir starfsmenn ættu erfitt með að sjá um málörvunarstundir.

Nokkrir stjórnendur sögðust hafa miklað vinnuna fyrir sér og verið hræddir við breytingar. Einn stjórnandi sagði: „Ég er sjálfur mín helsta hindrun, en teymisvinna hjálpar.“ Aðrir fundu ekki fyrir miklum hindrunum.

Helsti ávinningur að mati þátttakenda

Helsti ávinningur verkefnisins að mati stjórna var aukin samvinna milli leikskóla og leikskólakennara. Þeim þótti gott að bera saman bækur sínar við kollega á samskonar deildum og tileinka sér það sem vel er gert annars staðar. Þeir töldu sameiginlega fundi virka mjög vel. Kynning á læsisstefnum leikskólanna þótti þeim áhugaverð og skemmtileg. Þar sýndu leikskólarnir hver öðrum á metnaðarfullan hátt starfsemi sína og kenndu og lærðu hver af öðrum í leiðinni.

Þátttakendum þótti mikilvægt að sjá starfsfólkið vakna og uppgötva að starfið í leikskólunum er skemmtilegt/áhugavert og fannst þeim mikill metnaður hafa myndaðist hjá starfsfólki í

verkefninu. Þeir upplifðu hvatningu og jákvæðni og að hugmyndir fæddust og ferskur blær kæmi inn í starfið. Það örvaði starfsmenn og foreldra. Stjórnendurnir töldu samvinnu og þann neista sem kviknaði um allt hús góðs viti. Farið var í skoðun á skipulagi starfsins og deilda, og mátti sjá að mikill drifkraftur var í starfsfólkinu. Fluttir voru fróðlegir fyrirlestrar sem studdu vel við starfið.

Ávinningur var í því að fá ný verkefni og verkfæri og sammæltust stjórnendur um að efnið væri bæði skemmtilegt og áhugavert. Einn kennari sagði: „Ég áttaði mig ekki á hversu Lubbi er stórkostlegt og mikið snilldar kennslutæki.“ Í einum leikskóla var stofnað málörvunarteymi innan skólans sem ber ábyrgð á eftirfylgd verkefnisins.

Stjórnendurnir töldu börnin sýna þessu starfi mikinn áhuga og greindu miklar framfarir. „Þau eru glöð, ánægð og biðja um að láta lesa, fara með þulur og kryfja orð endalaust,“ sagði einn þátttakandi. Ánægjulegt hafði verið að sjá starfið þróast og sjá börnin nýta sér þá þekkingu sem þau höfðu öðlast, t.d. ný orð í orðaspjalli. Að mati þátttakenda voru börnin mjög glöð í þeirri vinnu. Áhugi barnanna á læsi hefur aukist svo tekið er eftir, töldu þátttakendur. Einn stjórnanda ræddi hvernig stundum megji sjá þegar „kviknar á perunni“ hjá nemendum, þegar börnin eru niðursokkin í að þæla í stöfum og hvaða hljóð heyrist í nöfnum og hlutum. Einn þátttakandi sagði að starfið væri orðið miklu sýnilegra gagnvart utanaðkomandi aðilum. Kennararnir ræddu einnig að spennandi verði að sjá hvernig þessi vinna skilar sér í grunnskólana.

Eftirfylgd með verkefni

Stjórnendurnir nefndu nokkur atriði sem gott væri að fylgja eftir á næstu árum. Þeir töluðu um:

- ✓ reglulega samræðufundi t.d. einu sinni á önn
- ✓ upprifjunarnámskeið fyrir nýtt starfsfólk
- ✓ fræðsluteymi leikskólakennara
- ✓ fræðsluteymi grunnskóla/leikskóla
- ✓ heimsóknir í leikskóla til að skiptast á hugmyndum og fylgjast með málörvunarstundum hjá reyndum kennurum
- ✓ örfundi
- ✓ foreldrakönnun um læsi
- ✓ verkefnavinnu um tvítýngi
- ✓ að skoðaður verði árangur markvissrar vinnu í leikskólunum með matstækjum og skoða gengi barnanna seinna á skólagöngunni
- ✓ að vinna að sameiginlegum grunni læsisstefnu
- ✓ hlúa að endurmenntun starfsfólksins
- ✓ reglulega deildarstjórafundir í leikskólunum þar sem læsi er umræðuefnið, fara yfir hvað er gert, hvernig gengur o.s.frv.

- ✓ að hver leikskóli klári vinnu við læsisstefnu sem verði sýnileg og skyldulesning fyrir nýja starfsmenn. Að leikskólarnir fylgi þeirri stefnu sem þeir setja sér og miðli hver öðrum af því sem vel tekst til
- ✓ reglulega fræðslu fyrir foreldra
- ✓ sameiginlega starfsdaga – leikskólar saman og stundum leikskólar og grunnskólar saman
- ✓ að samvinnan verði áfram góð og hugmyndabankinn ríkur

Einnig nefndu stjórnendurnir að mikilvægt væri að halda áfram að vinna á sömu braut og vera vakandi fyrir öllu nýju. „Að taka öllu með jákvæðni og gleði og festa læsi inn í allt starf,“ eins og einn stjórnandi sagði. „Einnig að halda áfram að gera starfið sýnilegt, tala um læsi á foreldrafundum, kynningarfundum og á heimasíðu,“ sagði annar. Eða eins og einn kennarinn sagði: „Þetta er nú ekki búið enn“.

Niðurstöður verkefnisins að mati þátttakenda

Kennararnir töldu verkefnið hafa í fyrsta lagi skilað markvissari vinnu sem allir taka þátt í og almennt meiri umræðu um þætti sem snúa að læsi. Í öðru lagi meiri samvinnu innan leikskólanna og á milli leikskóla. Í þriðja lagi tóku þeir eftir meiri framförum og árangri hjá börnunum.

Starfsfólk varð meðvitaðra um starf sitt og ástæðurnar að baki. Meiri leikgleði var með tungumálið og verkefnið hefur styrkt kennara og eft. Allt starfsfólk er mjög áhugasamt um að vinna þessa vinnu vel. „Einstaka ófaglærðir eru þó óöruggir um hvort þeir séu að gera rétt,“ sagði stjórnandi. Verkefnið hefur vakið áhuga allra í leikskólunum, bæði starfsmanna og barna.

Skólaumhverfið er mjög læsismiðað, ritmál sýnilegra, aðferðir hafa bæst inn, s.s. Lubbi, og ófaglærðir eru meðvitaðri um mikilvægi læsis. Verkefnið hefur gefið starfsmönnum tækifæri til að „glæða gamla vinnu nýju og markvissara lífi,“ eins og einn stjórnandi sagði. Starfsfólkið er öruggara í starfi þegar búið er að slá ramma utan um læsiskennsluna. Verkefnið hefur skilað aukinni fagþekkingu, allt starfsfólk er viljugara að leita sér fræðilegrar þekkingar og að mennta sig. Þátttakendur töldu sig hafa fengið góð námsgögn og að mikil vakning hafi átt sér stað með skemmtilegri vinnu.

Verkefnið hefði einnig skilað mikilli samvinnu milli kennara og milli deilda. Starfsfólk ræddi saman um starf með læsi og ákvað í sameiningu hvaða leið væri farin í leikskólanum. Einnig hefðu kennararnir kynnst kennurum á öðrum leikskólum betur og sótt sér upplýsingar hjá þeim sem komu að góðum notum í starfinu.

Framfarir og árangur hjá börnunum voru meiri og sýnilegri að mati kennarana og allir kennarar meðvitaðir um málörvun og læsi allan daginn, alltaf. Merkja mátti mikinn áhuga hjá börnunum á þáttum eins og markvissri málörvun, en markviss málörvun og orðaspjall hafði verið tekið inn í starfið og komið í fastar skipulagðar stundir. „Þetta er skemmtileg vinna sem

skilar sér til nemenda og þeir nýta sér þekkinguna í öllum aðstæðum,” sagði einn stjórnandi. „Börnin sýna stöfum og orðum meiri áhuga, skoða meiri og fleiri bækur og vilja hlusta á sögur í almennu starfi og í leik í frjálsa tímanum,” sagði annar stjórnandi. Verkefnið hefur einnig undirstrikað mikilvægi þess að kenna í gegnum leikinn, taldi stjórnandi.

Læsisstefnur leikskóla Árborgar

Leikskólarnir hófu vinnu sína við læsisstefnu hvers leikskóla. Þær eru aðgengilegar á heimasíðum leikskólanna á www.arborg.is

Áætlun um kynningu

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og verður kynnt á *Vor í Árborg* og á Menntakviku menntavísindasviðs Háskóla Íslands haustið 2015. Einnig verður grein skrifuð í Netlu – veftímariti um menntun og uppeldi.

Heimildaskrá

Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikur – ritmál – tjáning. Starfendarannsókn um aukið samstarf leikskóla og grunnskóla. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/003.pdf>

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). „Þau náttúrulega læra af öllu sem þau gera“: leikur og nám í grunnskóla. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið: Tengsl leikskóla og grunnskóla* (bls. 89–115). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2008). „Bók í hönd og þér halda engin bönd“: að efla mál- og læsisþroska leikskólabarna með lestri bóka. Óbirt meistara-ritgerð: Háskóli Íslands.

Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). *Orðaspjall : að efla orðaforða barna og hlustunarskilning með bókalestri*. Reykjaneshæð: Leikskólinn Tjarnarsel.

Ásthildur Bj. Snorrardóttir. (2009). *Bína lærir orð, hljóð og stafi*. Reykjavík: Salka.

Ásthildur Bj. Snorrardóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir. (2010). *Ljáðu mér eyra: undirbúningur fyrir lestur*. Kópavogur: A4 skrifstofa og skóli.

Ásthildur Bj. Snorrardóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes: Höfundar.

Beck, Kucan og McKeown. (2002). *Bringing words to life*. New York: The Guilford Press.

Beck, Kucan og McKeown. (2008). *Creating robust vocabulary*. New York: The Guilford Press.

Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorrardóttir. (2010). *Orðagull: málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, orðaforða og endursögn*. Reykjavík: Höfundar.

Edda Kjartansdóttir. (2010). Starfendarannsóknir til valdeflingar. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/007.pdf>

Eyrún Ísfold Lárusdóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein: íslensku máhljóðin sýnd og sungin*. Reykjavík: Mál og menning.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (2000). *Markviss málörvun: þjálfun hljóðkerfisvitundar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2009). *Málþroski, sjálfsstjórn og læsi fjögurra og sex ára íslenskra barna: kynning á nýrri rannsókn og fyrstu niðurstöður*. Rannsóknir í félagsvísindum X. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2013). „Ég er orðin meðvitaðri um leikinn sem kennslutæki“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið: Tengsl leikskóla og grunnskóla* (bls. 157–163). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). „Við getum kennt þeim svo margt í gegnum leik“: Hlutverk þriggja leikskólakennara í leik barna. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/007.pdf>

McNiff, J. (2002). Action research for professional development. Sótt af <http://jeanmcniff.com/booklet1.html>

Mellgren, E., Jensen, A. S., og Hansen, O. H. (2010). Early literacy learning in the perspective of the child: Literacy stories. Í H. Müller (ritstjóri), *Transition from pre-school to school: Emphasizing early literacy*. Köln: EU-Agency, Regional Government of Cologne/Germany. Sótt 23 október 2010 af <http://www.ease-eu.com/documents/compendium/compendium.pdf>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorrardóttir. (2010). *Leið til læsis: stuðningskerfi í lestrarkennslu*. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/028.pdf>